

10. fundur

30. júní 2016
1605040SA
Málalykill: 16.31

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Eflingar

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Eflingar þann 30. júní 2016, kl. 11:00, að Borgartúni 30.

Fulltrúar Eflingar á fundinum voru: Sigurrós Kristinsdóttir og Ragnar Ólason. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál var tekið fyrir:

1. Húsvörður hjá sveitarfélagi

Erindi frá Eflingu. Húsvörði er raðað í lfl. 128 og hefur borið starfsheitið „húsvörður IV“ á launaseðli. Starfsheitið „húsvörður IV“ raðaðist í lfl. 130 fram til 30. apríl 2014 og í lfl. 134 frá 1. maí 2015. Efling krefst þess að sveitfélagið leiðrétti laun húsvörðarins fjögur ár aftur í tímann.

Sveitarfélagið hefur hafnað kröfu Eflingar með þeim rökum að í starfslýsingu starfsins sé ekki gerð krafa um iðmenntun á sviði bygginga. Viðkomandi húsvörður hefur ekki iðmenntun. Sveitarfélagið telur að starfið eigi að raðast sem „húsvörður II“ í lfl. 128. Í bréfi sveitarfélagsins til Eflingar þann 13. október 2015 kemur fram að ókunnar ástæður séu fyrir því af hverju starfsheiti hans hafi verið „húsvörður IV“ á launaseðli.

Niðurstaða:

Málinu frestað og frekari gagna aflað.

2. Útgáfa heildarkjarasamnings

Unnið er að drögum að heildarsamningi aðila. Stefnt er að útgáfu hans í ágúst.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:40